

Sveitarstjórn Árneshrepps,
B.T. Boga Kristinssonar skipulagsfulltrúa,
Búðardal.

Árneshreppur 15. október 2017

Vegna auglýsingar sveitarstjórnar Árneshrepps á tillögu að breytingu á aðalskipulagi og deiliskipulagi hreppsins vegna Hvalárvirkjunar koma hér tillögur og athugasemdir Rjúkanda – Samtaka um verndun náttúru, menningarminja og sögu í Árneshreppi.

Samtökin Rjúkandi voru stofnuð í Trékyllisvík 7. júlí 2017. Að stofnunni stóð hópur fólks sem taldi þessum málaflökkum á svæðinu ábótavant, sérstaklega í ljósi áforma Vesturverks um virkjun Hvalár, Rjúkandi og Eyvindarfjarðar.

Hluti hópsins stóð einnig að málþinginu *Arfleifð Árneshrepps* sem haldið var í félagsheimilinu í Árnesi helgina 24. og 25. júní 2017. Um 70 manns sóttu málþingin en á annað þúsund sáu beint streymi á Facebook-síðu málþingsins þar sem enn má horfa á upptökurnar.

Möguleg virkjun Hvalár í Ófeigsfirði hefur verið í umræðunni um langt skeið, og margir íbúar í Árneshreppi hafa upplifað að á þeim tíma sem virkjunin hefur verið rædd hafi margt breyst, og komið í ljós að forsendur fyrir henni sem settar eru fram í aðalskipulagi Árneshrepps frá 2014 eru algjörlega brostnar.

Virkjunin mun ekki skapa nein störf í hreppnum á rekstrartíma sínum, engar vegabætur á Strandavegi fylgja framkvæmdinni og afhendingaröryggi rafmagns í Árneshreppi mun ekki batna með virkjunni. Á stuttum tíma hefur áætlað uppsett afl virkjunarinnar vaxið úr 37MW í 55MW og á virkjunin því að framleiða mun meiri raforku en þörf er fyrir á Vestfjörðum. Nú þegar framleiða Íslendingar margfalt meiri raforku en not eru fyrir í landinu og því enginn orkuskortur.

Umhverfisáhrif virkjanaframkvæmdanna eru metin afar neikvæð og óafturkræf í álitsgerð Skipulagsstofnunnar. Áhrifasvæði umsvifanna mun ná yfir 37% af heildarstærð sveitarfélagsins og sker í sundur stærsta ósnortna víðerni Vestfjarða. Ósnortin víðerni í heiminum fara sífellt minnkandi samhliða ágangi mannsins á náttúruna og í þeim eru fólgin ómetanleg auðæfi á Íslandi eins og kemur m.a. fram í nýlegri skýrslu OECD. Slík svæði eru auðlind fyrir fólkið í landinu, ferðaþjónustu framtíðar og stofnunar þjóðgarðs/fríðlands á svæðinu sem hefur verið rædd sem raunhæfur möguleiki um nokkurt skeið.

Vegna þess mikla meðbyrs sem undirbúningshópur málþingsins fann fyrir á þinginu og í kjölfar þess, alls staðar að af landinu og víða erlendis frá, var ákveðið að reyna að virkja samtakamátt fólksins og stofna samtök um verndun náttúru, menningarminja og sögu í Árneshreppi.

Samtökunum var gefið nafnið *Rjúkandi* eftir einni þeirra áa sem stendur til að virkja á Ófeigsfjarðarheiði.

Stofnendur samtakanna töldu ríka þörf vera fyrir afl af þessu tagi sem andstöðu við þá einkaaðila sem áforma virkjun í Árneshreppi. Það hefur sýnt sig að virkjunaraðilar leitast við að fegra sína hlið málsins og reyna eftir fremsta megni að kæfa alla umræðu um náttúruvernd og þau umhverfisspjöll sem þeir áforma að vinna á náttúruperlum í Árneshreppi.

Stofnmarkmið Rjúkanda eru:

Undanfarna áratugi hefur verið staðið með ágætum að verndun náttúru, menningarminja og sögu í Árneshreppi.

Á síðustu misserum hafa í sveitarfélaginu verið uppi háværar raddir um að nýta landið á ágengan hátt á kostnað náttúrunnar. Á það ekki síst við um hugmyndir sem lúta að virkjun á svæðinu. Samtökin leggjast eindregið gegn slíkum hugmyndum um nýtingu náttúrunnar með vísan í náttúruverndarlög, sérstaklega þau sem fjalla um ósnortin víðerni, fallvötn og stöðuvötn.

Samtökin vilja að við alla ákvörðunartöku á svæðinu verði sjálfbær þróun höfð að leiðarljósi og þannig horft til náttúru, menningar, efnahags og félagslegra þátta.

Nú þremur mánuðum eftir stofnun Rjúkanda teljast stofnmeðlimir vera um 400 talsins.

Athugasemdir Rjúkanda við auglýstar breytingar sveitarstjórnar Árnehshrepps eru þessar á aðal- og deiliskipulagi Árneshrepps 2005-2025:

1. Rannsókn á samfélagsáhrifum vantar tilfinnanlega, sérstaklega fyrir íbúa Árneshrepps, en einnig svo mat á áætlunum sé faglegt og rökstutt.

Ef einhvern tíman er nauðsynlegt að fá óháðan aðila til að gera úttekt á samfélagslegum áhrifum framkvæmda þá er það einmitt á samfélagslegum áhrifum Hvalárvirkjunar í Árneshreppi á þessum tímamarki. Í opinberri umræðu kemur fram að fólk líti til framkvæmdanna sem mögulegs bjargræðis byggðarinnar. Það eru miklar og djúpar tilfinningar sem búa þar að baki og mikilvægt að taka tillit til þeirra.

Það verður helst gert með því að sveitarfélagið sjái um öfluga upplýsingagjöf til íbúa sinna. Þá er eðlilegast að fá til þess óháða aðila. Við bendum á fordæmi fyrir slíku á Vestfjörðum eins og nýleg úttekt KPMG á samfélagslegum áhrifum laxeldis í Ísafjarðardjúpi og úttektar sama fyrirtækis á kalkþörungarverksmiðju í Súðavík. Einnig bendum við á ályktun borgarafundar á Ísafirði um að við allar stórar framkvæmdir og ákvarðanatöku tengda þeim skuli sérstaklega rannsaka samfélagsleg áhrif og taka þau til greina. Eitt helsta bitbein er varða framkvæmdina í

opinberri umræðu og manna í millum eru einmitt skiptar skoðanir um samfélagsleg áhrif framkvæmdanna sem tengjast skýrlega kröfu um rökstuðning fyrir almannahagsmunum þegar kemur að þvílíkum inngrípum í náttúru og ósnortin víðerni eins og hér um ræðir.

Árneshreppur stendur á erfiðum tímum í sinni byggðasögu og mörg teikn á lofti um að búskapur sé við það að leggjast af á allra næstu árum. Nú skipir öllu máli uppá framtíðina að huga vel að ákvarðanatökum sem hafa áhrif á samfélagsgerð og þróun byggðar næstu árin og áratugina. Til dæmis hefur samþykkt á virkjunarframkvæmdum útilokunaráhrif á aðrar leiðir sem ræddar hafa verið til að styðja við byggðaðróun eins og til dæmis Strandabjórðgarður.

Rjúkandi gerir þá kröfu til sveitarstjórnar að hún fari þess á leit í fullri alvöru að fá óháða aðila til að meta samfélagsáhrif virkjunarinnar. Sú aðgerð myndi að öllum líkindum auka á sætti á meðal íbúa um ákvörðun sveitarstjórn um framkvæmdarleyfi, eða ekki framkvæmdarleyfi fyrir Hvalárvirkjun.

2. Í framhaldi af athugasemd 1 fer Rjúkandi þess á leit við sveitarstjórn að unnið verði samhliða að því að meta og bera saman fleiri valkosti til að styrkja byggðina, t.d. Strandabjórðgarð og störf honum tengd. Sem fyrr hlýtur sveitarstjórn að vera fyrst og fremst að hugsa um samfélagsleg áhrif framkvæmda og áætlana, um almannahag sinna eigin íbúa. Enda er það röksemdir sem sveitarstjórn þarf að hafa á reiðum höndum muni hún veita framkvæmdaleyfi fyrir Hvalárvirkjun.
3. Þær breytingar sem hér eru auglýstar eru of afmarkaðar til að hægt sé að veita leyfi fyrir þeim þar sem augljóst er að ekki verður af þessum rannsóknum né jarðraski sem þessar tillögur ná til, nema með því að koma stórvirkum vélum á svæðið. Það vantar allar upplýsingar um slíkar framkvæmdir, hvaða áhrif þessar breytingar og framkvæmdir á virkjunarsvæði í kjölfarið, hafa á veg úr byggðinni í Norðurfirði og Trékyllisvík, yfir Eyrarháls, allan Ingólfsfjörð og framhá Seljanesi. Það er undarlegt, vægast sagt, að slíta framkvæmdina svona í sundur í ferlinu og ótækt til að hægt sé að vega og meta heildaráhrif á samfélag og umhverfi.

Rjúkandi óskar því eftir að ákvörðun sveitarstjórnar um þessar breytingartillögur sem hér um ræðir verði frestað þar til öll áhrif framkvæmdanna verði útlistuð nákvæmlega.

4. Óskað er frekari útskýringa á hvaða rannsóknir er verið að ráðast í af hálfu framkvæmdaaðila og í hvaða tilgangi. Tvennum sögum fer af tilgangi þessara rannsókna, annars vegar að rannsaka þurfi hvort jarðlög og annað séu til þess fallin að virkjað verði á svæðinu með þeim hætti sem framkvæmdaaðilar boða. En opinberlega hafa framkvæmdaaðilar talað eins og það sé gefið að sótt verði um framkvæmdaleyfi við fyrsta tækifæri og rannsóknir muni engu þar um breyta. (Sjá viðtal við Gunnar Gauk Magnússon hjá Vesturverki í Morgunblaðinu 14. okt. 2017).

5. Ætli sveitarstjórn Árneshrepps sér að nota rök virkjunaraðila fyrir almannahagsmunum framkvæmdanna með tilvísun til að hún bæti afhendingaröryggi raforku á Vestfjörðum og hringtenginu rafmagns á Vestfjörðum þarf sveitarstjórn að sýna með óyggjandi hætti að framkvæmdin muni leiða til þess. Því óskar Rjúkandi sérstaklega eftir ítarlegri útlistun á hvernig það muni verða.
6. Það er ótækt að sveitarstjórn Árneshrepps samþykki slíkt jarðrask og hér um ræðir, þar sem ósnortin víðerni munu skerðast verulega með þessum breytingartillögum, áður en óskað er eftir framkvæmdaleyfi og áður en samningar eru fyrir hendi við Landsnet um tengipunkt. Rjúkandi fer fram á að allar ákvarðanir sveitarstjórnar verði settar á bið þar til skýr svör frá Landsneti eru komin fram.
7. Samkvæmt Náttúrverndarlögum frá 2015 njóta árvarvegir, fossaraðir og tvö þeirra stöðuvatna sem til stendur að spilla með framkvæmdunum sérstakrar friðunar. Ekki er heimilt að ganga gegn lögnum og spilla náttúruminum á borð við þessi nema til komir ríkir almannahagsmunir og að þeir séu rökstuddur vandlega og með fullnægjandi hætti.

Farið er fram á ítarlegan rökstuðning sveitarstjórnar fyrir almannahagsmunum tengdum virkjunarframkvæmdum áður en samþykki fyrir þessum breytingartillögum er gefið, því slíkt samþykki þýðir samþykki sveitarstjórnar á Hvalárvirkjun og þá verða þessi rök að vera fyrir hendi.

Með vinsemd og virðingu, frá stjórn Rjúkanda,

Valgeir Benediktsson, Vigdís Grímsdóttir, Pétur Húni Björnsson,
Rakel Valgeirsdóttir, Bergsveinn Birgisson, Elín Agla Briem og
Davíð Már Bjarnason.

Fylgiskjöl:

1. Á náttúran að njóta vafans.pdf
2. Sitthvað um hringtengingu.pdf
3. Hafa skal það sem sannara reynist.pdf
4. Af hverju eru úlfarnir í sauðagærum.pdf
5. Staðreyndir um spuna HS Orku.pdf
6. Hvalárvirkjun í þágu erlendra aðila.pdf
7. Umhverfisvá í Ófeigsfirði.pdf